



REYKJANESBÆR
reykjanesar.is



LÆSISSTEFNA REYKJANESBÆJAR

LESTUR ER LYKILL AÐ NÝRRI ÞEKKINGU ÞAR SEM BÖRN ÞROSKA OG EFLA
SAMSPIL FJÖLBREYTTTRA FÆRNIÞÁTTA. MIKILVÆGT ER AÐ LESA DAGLEGA
FYRIR BÖRN, HEIMA OG Í SKÓLA OG SKAPA JÁKVÆTT VIÐHORF TIL
LESTRAR ÁSAMT FJÖLBREYTTILEGRI LESTRARUPPLIFUN YFIR DAGINN



Læsi felur í sér færni einstaklingsins til að tala, lesa og rita tungumál sitt ásamt því að geta aflað sér upplýsinga úr umhverfinu. Læsi er þróunarferli sem hefst í frumbernsku og heldur áfram allt lífið en það byggir á reynslu barna af lestri og ritmáli í nánasta umhverfi þeirra. Góð færni í læsi er mikilvæg til þess að einstaklingar geti tekið virkan þátt í samfélaginu og er undirstaða alls náms. Það skiptir því miklu máli að börn í Reykjanesbæ nái tökum á þessari færni til þess að geta notað hana í samskiptum, í námi, fyrir sig sjálf og fyrir samfélagið allt.

Grunnur að góðri færni í læsi er lagður á fyrstu æviárum barnsins og því betri málþroska sem barn hefur því betur er það í stakk búið til að takast á við læsi og lestrarnám. Góð lestrarfærni eykur lífsgæði og með góðu samstarfi við foreldra og aukinni þátttöku þeirra í læsi og lestrarnámi er verið að bæta möguleika barna til framtíðar.

Í Reykjanesbæ er lögð áhersla á snemmtæka íhlutun í leikskólum og fyrstu bekkjum grunnskólans með það að markmiði að draga úr þörfum á sérkennslu þegar lengra líður

á skólagönguna og koma í veg fyrir erfiðleika í námi síðar á lífsleiðinni. Leikskólar Reykjanesbæjar vinna með skipulögðum hætti að því að örva og þjálfra alla þætti móðurmálsins svo sem tal, hlustun, orðaforða og málskilning í þeim tilgangi að auka velgengni í lestrarnámi. Fylgjast þarf vel með framvindu lestrarþróunar hjá hverju og einu barni með það að markmiði að hjálpa því að ná eins góðum árangri og hægt er út frá forsendum þess.

Snemmtæk íhlutun felur líka í sér mat á árangri og því leggja leik- og grunnskólar í Reykjanesbæ áherslu á reglulegt mat til að fylgjast með framförum. Mat er einnig nýtt til þess að finna þá sem verr standa að vígi þannig að hægt sé að skipuleggja inngrip sem hentar hverjum og einum.

Lestur þarf að þjálfra en án lestrarþjálfunar verður enginn læs. Fylgjast þarf vel með framförum barna og unglunga í lestri og nýta fjölbreyttar leiðir til þess að þjálfra hann. Lestarpjálfun fer fram heima og í skóla og er mikilvægt að skapa gott samstarf þessara aðila.



GRUNNÞÆTTIR LÆSIS

HLJÓÐKERFISVITUND

Þroskuð hljóðkerfisvitund er nauðsynleg undirstaða fyrir lestrarnám. Hljóðkerfisvitund er tilfinning og næmi einstaklings fyrir uppbyggingu tungumálsins, hvernig hægt er að greina talmál niður í smærri hljóðeiningar og hvernig vinna má með einingarnar á mismunandi vegu.

UMSKRÁNING/LESFIMI

Umskráning vísar til þess þegar einstaklingur breytir bókstöfum í hljóð og tengir saman í orð sem hann skilur og þekkir þau sem orðmyndir. Lesfimi er samsett færni sem felst í leshraða, lestrarnákvæmni, áherslum og hrynjanda í lestri.

ORÐAFORÐI

Orðaforði er það safn orða sem einstaklingur hefur á valdi sínu. Góður orðaforði er grundvallarþáttur í því að skilja talað og lesið mál en hlustunarskilningur og síðar lesskilningur byggja á góðum orðaforða. Orðaforði hefur einnig áhrif á leshraða því fleiri orð sem barnið þekkir í texta því hraðar og áreynslulausar les það textann.

TJÁNING

Tjáning er mikilvægur hluti af þroska barna og þarf að æfa með fjölbreyttum hætti og ólíkum efniviði. Tjáningin eflir sjálfstæði og sjálfsmynd barna og unglinga og er grunnur þess að geta átt jákvæð og uppbyggileg samskipti við aðra.



LESSKILNINGUR

Lesskilningur er afar flókið ferli sem felur í sér fjölbætta, hugræna úrvinnslu og túlkun lesandans á textanum. Lesskilningur felst í nákvæmum skilningi á því sem ritað er, lesandinn endursegir merkinguna sem ætla má að höfundurinn hafi haft í huga við gerð textans. Orðaforði er undirstaða lesskilnings og felst í því að tengja nýjar upplýsingar sem fást við lestur við það sem lesandinn veit fyrir. Fjölmargar rannsóknir sýna að sterk tengsl eru milli lesfimi og lesskilnings og með því að bæta lesfimi nemenda eflist jafnframt lesskilningur.

RITUN

Lestur og ritun eru gagnvirk ferli sem þjálfa þarf samhliða. Ritun er ferli þegar rittákn eru notuð til að skrá niður tungumálið, hugsanir og orð til að hægt sé að endurvekjja þau síðar. Hvetjandi ritmálsumhverfi er mikilvægt og veitir barni tækifæri til að fylgjast með öðrum, gera tilraunir og prófa sig áfram.

LYKILÞÆTTIR LÆSISSTEFNU

ALMENNT

Áherslur

- Að 90% nemenda geti lesið sér til gagns við lok grunnskóla sbr. Hvítbók um umbætur í menntun¹
- Að vinna markvisst með grunnþætti læsis
- Að markviss lestrarkennsla fari fram í 1.-10. bekk
- Að efla ritunarkennslu
- Að lesið sé daglega fyrir börn heima og í skóla
- Að lestur sé þjálfður markvisst út frá þörfum nemenda hverju sinni
- Að skipaður sé verkefnastjóri læsis í hverjum leik- og grunnskóla

¹Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014

Leiðir

- Endurmenntun kennara í læsisfræðum
- Ritmál, stafir og orð séu sýnileg í umhverfi leikskólans og yngstu barna grunnskólans
- Kennsluáætlun í lestri/læsi þ.e. orðaforða, þjálfun málskilnings, máltjáningu, frásagnarhæfni, lesskilningsaðferðum, lesfimi og ritun
- Nýta gagnreyndar aðferðir og efnivið/kennsluefni sem tilheyir þeim
- Ræða við börn og skapa vettvang fyrir samræður
- Einstaklingsmiðuð nálgun, leikur og áhugahvöt í fyrirrúmi
- Lesa daglega fyrir börn í leikskóla
- Daglegur raddlestur í skóla hjá öllum nemendum í 1.-5. bekk og þeim sem ekki ná viðmiðum í lestri
- Heimalestur, lesið heima fyrir börn í leikskóla og yngstu bekkjum grunnskóla. Nemendur í 1.-10. bekk lesa daglega heima og þeir sem ekki hafa náð viðmiðum lesa daglega fyrir kennara. Aðrir nemendur setji sér markmið um heimalestur í samráði við kennara. Foreldrar eru ábyrgir fyrir framkvæmd og skráningu.

FORELDRASAMSTARF



Áherslur

- Að foreldrar þekki vel hlutverk sitt í þróun læsis
- Að fræða og styðja foreldra í læsisuppleði barna þeirra
- Að auka samstarf/samræðu við foreldra
- Að allir foreldrar eigi jafna möguleika til samstarfs
- Að framfarir í læsi séu settar fram á skilmerkilegan og hvetjandi hátt fyrir nemendur og foreldra

Leiðir

- Upplýsa um gagnsemi samveru og samtals fyrir málhæfni barna
- Upplýsa foreldra um mikilvægi snemmtækrar íhlutunar
- Fræðsla til foreldra um læsi
- Upplýsa foreldra um viðmið sem sett eru varðandi frammistöðu í læsi

LESTRARMENNING

Áherslur

- Að efla starfsemi bæjarbókasafns og skólasafna þannig að þau geti verið vettvangur lestrarmenningar og ýti með starfsemi sinni undir lestraráhuga barna
- Að starfsmenn bæjarbókasafns og skólasafna hafi með sér virkt samráð til að nýta safnkost sveitarfélagsins sem best
- Að efla lestraráhuga nemenda í gegnum áhugasvið þeirra
- Að ritmál sé sýnilegt í umhverfinu
- Að efla lestrarmenningu með því að skapa vettvang fyrir verk og hugmyndir nemenda sem tengjast læsi

Leiðir

- Auka læsishvetjandi efni í umhverfinu
- Skipulagðar lestrarstundir á bæjarbókasafni og skólasöfnum
- Menntaðir skólasafnakennarar fengnir til starfa í öllum skólasöfnum með það hlutverk að standa fyrir verkefnum og viðburðum sem efla lestrarmenningu skólanna
- Kennsluáætlun fyrir alla árganga í safnakennslu/upplýsinga- og tæknimennt
- Miðlægur vettvangur/útgáfa þar sem hægt er að birta ritverk og önnur verkefni nemenda



FRÁVIK Í LÆSI

Áherslur

- Að beita snemmtækri íhlutun í leikskóla með áherslu á að vinna strax með barnið um leið og grunur er um frávik í málþroska og þáttum sem geta haft áhrif á eðlilega námsframvindu
- Að beita snemmtækri íhlutun með áherslu á öflugan lestrarstuðning í 1.-4. bekk
- Að veita lestrarstuðning allan grunnskólann fyrir nemendur sem þurfa á því að halda
- Að kynna nemendum og foreldrum úrræði vegna lestrarerfiðleika

Leiðir

- Snemmtæk íhlutun - bregðast þarf við um leið og grunur vaknar um frávik í málþroska eða læsi
- Tryggja að gerðar séu einstaklingsáætlanir fyrir nemendur með frávik í læsi
- Fræðsla og starfsþróun fyrir starfsfólk skóla um aðferðir fyrir nemendur með frávik í læsi
- Tryggja að nemendur fái stuðning í læsisnámi, auka lestrarstuðning á mið- og unglingastigi
- Skima eftir frávikum og veita stuðning og ráðgjöf
- Upplýsingaflæði milli leik- og grunnskóla um stöðu nemenda





STARFSÞRÓUN

Áherslur

- Að skólar í Reykjanesbæ hafi á að skipa vel menntuðu og hæfu fagfólki
- Að fjölga fagmenntuðu starfsfólki
- Að í skólum sé nægt svigrúm til samráðs vegna læsiskennslu
- Að kennarar hafi aðgang að námskeiðum í læsisfræðum til að efla þá í starfi

Leiðir

- Aðgerðaráætlun sem miðar að því að fjölga fagmenntuðum starfsmönnum
- Fjölga tækifærum til endurmenntunar á sviði læsiskennslu
- Auka möguleika starfsfólks til að fara í réttindanám
- Skýr ábyrgð skólastjórnenda í læsismenntun og árangri
- Virk læsisteymi í skólum sem hafa gott svigrúm til samstarfs og við gerð áætlana vegna læsis

ÍSLENSKA SEM ANNAD TUNGUMÁL

Áherslur

- Að allir nemendur hafi sömu möguleika til að ná góðum árangri í læsi óháð tungumáli
- Að auka orðaforða í íslensku og tengja móðurmáli
- Að auka samstarf við foreldra og fræða þá um mikilvægi þess að nemendur eigi virkt móðurmál
- Að efla skilning foreldra á mikilvægi íslenskunnar vegna námsmöguleika í framtíðinni

Leiðir

- Aukin orðaforðakennsla á öllum stigum
- Aðlaga skólastarf, kennslu og námsgögn að fjölmennningarlegum nemendahópum
- Auka sérstakan stuðning svo erlendir nemendur nái sömu viðmiðum og aðrir í læsi
- Auka möguleika nemenda á að þróa bæði/öll tungumál sín, virkt tvítyngi
- Auka aðgang að bókum/ritmáli á ólíkum tungumálum
- Að túlkapjónusta sé aðgengileg



VERKFERLAR

Aldur	Skimun	Áherslupættir	Framkvæmd
18 mán-3 ára	Brigance og PEDS	Orðaforði og almennur þroski	Samstarf ungbarnaeftirlits HSS, leikskóla og skólaþjónustu
3,5 ára	EFI-2	Málskilningur og máltjáning	Samstarf leikskóla og skólaþjónustu, niðurstöðum skilað til skólaþjónustu sem veitir ráðgjöf um íhlutun
4,0-4,5 ára	Brigance og PEDS	Orðaforði og almennur þroski	Samstarf ungbarnaeftirlits HSS, leikskóla og skólaþjónustu
5 ára	Hljóm2	Hljóðkerfisvitund	Samstarf leikskóla og skólaþjónustu, niðurstöðum skilað til skólaþjónustu sem veitir ráðgjöf um íhlutun. Skil til grunnskóla
1. bekkur	Lesferill, lesskimun fyrir 1.bekk	Lesfimi, hljóðkerfisvitund, stafabekking og málskilningur	- Samstarf grunnskóla og skólaþjónustu, niðurstöðum skilað til skólaþjónustu sem vinnur úr þeim og gefur upplýsingar til leik- og grunnskóla - Skil til leikskóla
2. bekkur	Lesferill	Lesfimi	Grunnskóli
3. bekkur	Lesferill og LOGOS skimun	Lesfimi, lesskilningur og hljóðkerfisvitund	Samstarf grunnskóla og skólaþjónustu. Sérkennarar skóla skima með kennsluráðgjöfum, niðurstöður unnar af skólaþjónustu sem sér um skil og ráðgjöf um íhlutun
4. bekkur	Lesferill	Lesfimi	Grunnskóli
5. bekkur	Lesferill	Lesfimi	Grunnskóli
6. bekkur	Lesferill og LOGOS skimun	Lesfimi, lesskilningur og hljóðkerfisvitund	Samstarf grunnskóla og skólaþjónustu. Sérkennarar skóla skima með kennsluráðgjöfum, niðurstöður unnar af skólaþjónustu sem sér um skil og ráðgjöf um íhlutun
7. bekkur	Lesferill	Lesfimi	Grunnskóli
8. bekkur	Lesferill og LOGOS skimun	Lesfimi, lesskilningur og hljóðkerfisvitund	Samstarf grunnskóla og skólaþjónustu. Sérkennarar skóla skima með kennsluráðgjöfum, niðurstöður unnar af skólaþjónustu sem sér um skil og ráðgjöf um íhlutun
9. bekkur	Lesferill	Lesfimi	Grunnskóli
10. bekkur	Lesferill	Lesfimi	Grunnskóli

VIÐMIÐ UM ÁRANGUR



EFI-2	Málskilningur og máltjáning	80% barna séu utan áhættu, tillit er tekið til tvítyngdra barna
Hljóm-2	Hljóðkerfisvitund	85% barna nái meðalfærni og/eða góðri færni, tillit er tekið til tvítyngdra barna
Lesferill, lesskimun í 1. bekk	- Málskilningur og orðaforði - Bókstafa- og hljóðþekking - Hljóðkerfis- og hljóðavitund	80% barna séu utan áhættu, tillit er tekið til tvítyngdra barna
3. bekkur	LOGOS	80% nemenda séu utan áhættu, tillit er tekið til tvítyngdra barna
6. bekkur	LOGOS	80% nemenda séu utan áhættu, tillit er tekið til tvítyngdra barna
8. bekkur	LOGOS	80% nemenda séu utan áhættu, tillit er tekið til tvítyngdra barna
1.-10. bekkur	Lesfimi/Lesferill	Nemendur nái maíviðmiðum MMS í lesfimi

LESFERILL MENNTAMÁLASTOFNUNAR (MMS), HVAÐ ERU LESFIMIVIÐMIÐ?

Lesfimiðviðmið eru sett þannig fram að þau sýna stíganda í færni nemenda frá einum bekk til annars. Þetta eru almenn viðmið fyrir nemendur í hverjum árgangi sem endurspeglar þær kröfur sem þeir þurfa að mæta á næstu stigum náms (Menntamálastofnun, 2016).

Maíviðmið Menntamálastofnunar fyrir lesfimiþróf
Lesferils, fjöldi rétt lesinna orða á mínútu

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

Maíviðmið Menntamálastofnunar fyrir lesfimiþróf
Lesferils, fjöldi rétt lesinna atkvæða á mínútu

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	30	80	110
2. bekkur	60	130	160
3. bekkur	90	170	200
4. bekkur	130	200	240
5. bekkur	150	230	270
6. bekkur	175	260	290
7. bekkur	200	280	320
8. bekkur	215	300	350
9. bekkur	230	300	350
10. bekkur	240	300	350

Hver leik- og grunnskóli Reykjaneshæjar heldur sínum sérkennum og mótar eigin aðferðir til þess að ná markmiðum um læsi.

Nemendur skulu fá örvun og tækifæri til að vera virkir þátttakendur í eigin námi.

LEIK- OG GRUNNSKÓLAR REYKJANESBÆJAR

Upplýsingar um skólana má finna á vefsíðum þeirra

akur.hjalli.is
leikskolinngardasel.is
gimli.hjalli.is
leikskolinn.is/haaleiti
heidarsel.is
hjallatun.is
leikskolinnholt.is
tjarnarsel.is
vesturberg.is

akurskoli.is
haaleitisskoli.
reykjanessaer.is
heidarskoli.is
holtaskoli.is
myllubakkaskoli.is
njarðvikurskoli.is

LEIKSKÓLAR REYKJANESBÆJAR

Akur
Garðasel
Gimli
Háaleiti
Heiðarsel
Hjallatún
Holt
Tjarnarsel
Vesturberg
Völlur

GRUNNSKÓLAR REYKJANESBÆJAR

Akurskóli
Háaleitisskóli
Heiðarskóli
Holtaskóli
Myllubakkaskóli
Njarðvíkurskóli



RÝNIHÓPUR UM LÆSISSTEFNU REYKJANESBÆJAR

Arnbjörg Elsa Hannesdóttir
Árdís Hrönn Jónsdóttir
Eva Sveinsdóttir
Guðbjörg Pálmarsdóttir
Guðríður Guðjónsdóttir
Guðmunda Lára Guðmundsdóttir
Hafdís Garðarsdóttir
Halldóra Magnúsdóttir
Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir
Helena Rafnsdóttir
Helga Andrésdóttir
Helga Eiríksdóttir
Karen Valdimarsdóttir
Katrín Rut Þorgeirsdóttir
Kristín Björk Hallvarðsdóttir
Lilja D. Bjarnadóttir
Magnea Sif Einarsdóttir
Ólöf Kristín Guðmundsdóttir
Rósa Íris Ólafsdóttir
Ragnhildur Sigurðardóttir
Rannveig Arnardóttir
Vigdís Karlsdóttir

VERKEFNISSTJÓRAR

Guðbjörg Rut Þórisdóttir
Gyða Margrét Arnmundsdóttir
Kolfinna Njálisdóttir

